

| Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup> . | Heimæðagjöld.                                                          |
|----------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|
| Allt að 600 m <sup>3</sup>             | 266 000                                                                |
| 600—2000 m <sup>3</sup>                | 266 000 fyrir 600 m <sup>3</sup> + 166 kr/m <sup>3</sup> þar yfir      |
| 2000—6000 m <sup>3</sup>               | 499 055 fyrir 2 000 m <sup>3</sup> + 142 kr/m <sup>3</sup> þar yfir    |
| 6000—10000 m <sup>3</sup>              | 1 066 000 fyrir 6 000 m <sup>3</sup> + 124 kr/m <sup>3</sup> þar yfir  |
| Meira en 10000 m <sup>3</sup>          | 1 562 000 fyrir 10 000 m <sup>3</sup> + 109 kr/m <sup>3</sup> þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 24 800 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðagjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

4. apríl 1978.

Nr. 160.

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975.

### 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

#### Lestagjöld.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestargjald, kr. 15.60 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestargjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

#### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

**3. gr.**

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögungjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlast. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögunmann, greiða kr. 675.00 í hafnsögunsjóð.

**4. gr.**

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
  2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
  3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
  4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
  5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.
- Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr 135. 00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

*Samgönguráðuneytið, 4. apríl 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.**

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjöld kr. 1 000 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 1 600 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1978.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*